



BLÖNDUÓSBÆR

AÐALSKIPULAG

Forsendur og umhverfisskýrsla



AÐALSKIPULAG	1
1 FORSENDUR	5
1.1 INNGANGUR	5
1.2 STAÐHÆTTIR	5
1.2.1 Verndarsvæði	5
1.2.2 Landstærð og mörk	5
1.2.3 Veðurfar	5
1.3 ATVINNUHÆTTIR	6
2 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGS BLÖNDUÓSBÆ	6
2.1 YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR	6
2.2 TILGANGUR UMHVERFISMATS	7
2.3 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ	8
2.4 ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU	8
2.5 ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR	9
3 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING	10
3.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS	10
3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ	10
4 UMHVERFISMAT	11
4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS BLÖNDUÓSS UM BYGGÐ	11
4.1.1 Áhrif Stefnu aðalskipulags vegna íbúðabyggðar:	11
4.1.2 Valkostir fyrir íbúðarbyggð	12
4.1.3 Niðurstaða samanburðar	12
4.1.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	12
4.1.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir byggð	13
4.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS BLÖNDUÓSS UM VERND OG NÁTTÚRUVÁ	13
4.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU	14
4.3.1 Áhrif Stefnu aðalskipulags um athafnasvæði og iðnaðarsvæði:	14
4.3.2 Valkostir fyrir athafna- og iðnaðarsvæði.	14
4.3.3 Niðurstaða samanburðar	15
4.3.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	16
4.3.5 Áhrif stefnu aðalskipulags á Efnistöku og sorpförgunarsvæði	16
4.3.6 Valkostir fyrir efnistöku- og sorpförgunarsvæði	16
4.3.7 Niðurstaða samanburðar	17
4.3.8 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	17
4.3.9 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir Atvinnu	17
4.4 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR OG VEITUR	18
4.4.1 Áhrif stefnu aðalskipulags fyrir vegi	18
4.4.2 Valkostir: fyrir samgöngur	18
4.4.3 Niðurstaða samanburðar	19
4.4.4 Mótvægisáðgerðir vegna stefnu aðalskipulags	19
4.4.5 Heildarniðurstaða umhverfisáhrifa fyrir samgöngur og veitur	19
5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA	19

5.1	FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	19
6	SAMRÁÐ	20
6.1	KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU	20
7	SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU	20
8	VÖKTUNARÁÆTLUN	20
9	VIÐAUKI	21

1 FORSENDUR

1.1 INNGANGUR

Í fyrsta kafla er stutt yfirlit yfir helstu grunnþætti og forsendur í Blönduósbæ. Umfjöllunin byggir að hluta til á tillögum og forsendum úr Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu og er því bent á þau gögn til frekari skýringar..

1.2 STAÐHÆTTIR

Blönduós stendur í kvos er Blanda hefur myndað og er bærinn beggja vegna árinna umkringdur bökkum kvosarinnar. Aðliggjandi þjóðvegur (1), Hringvegurinn liggur því niður í hvilftina og upp úr henni aftur og gerir innkomuna í bæinn sérstæða og fallega. Góð lýsing á bæjarstæðinu er í Aðalskipulaginu 1996 en þar segir : „Skálarbotninn er í megindráttum tvískiptur. Neðri stallur (botn) næst Blöndu og að brekkunum sunnan og norðan árinna og efri stallur flatlendið frá þeim brekkum og upp að Háumelum sunnan ár og Skúlahorni og melunum þar austur af norðan ár“. Bærinn byggist á neðri stallinum sunnan ár frá árinu 1875 er hann fær löggildingu sem höfn (og verslunarstaður 1. janúar 1876). Tímamót í sögu staðarins verða aftur er hið merka mannvirki brúin yfir Blöndu kemur 1897, og tekur þá fljótlega að aukast eftirspurn eftir lóðum norðanmegin ár og bærinn að byggjast þeim megin. Rétt er að nefna hér að í Aðalskipulaginu 1993 – 2013 kemur fram að stefnt sé að „verndun skálarformsins hinna grænu brekka umhverfis staðinn og inn í bænum“. Í kvosinni er bæjarlandið vel gróið en upp af eru misgrónir melar bæði til norðurs og suðurs en heilmikið hefur verið starfað að uppræðslu.

1.2.1 VERNDARSVÆÐI

Til austurs ofan brúar er náttúruperla Blönduósbúa, Hrótey í Blöndu en þar hefur mikil trjárækt verið. Litlu ofar á nyrðri bakka Blöndu er brunnsvæð vatnsverndar Blönduósbæjar í Laugahvammslindum. Nærsvæði vatnsverndarinnar er þar um kring og fjarsvæðið teygir sig svo norður yfir þjóðveginn allar götur norður fyrir Vatnahverfisvötnin : Réttarvatn, Hólmavatn og Langavatn og upp á efstu brúnir fellisins Refsborgar, sem er vestast Langadalsfjalla.

Blöndugil er hluti af fallettri náttúru bæjarfélagsins auk fallettra stranda við ós Blöndu.

1.2.2 LANDSTÆRÐ OG MÖRK

Blönduósbær er nokkuð landmikið sveitarfélag en heildarstærð þess er 181 km² og stækkaði það mikið við sameininguna við Engihlíðarhrepp. Mörk sveitarfélagsins til norðurs eru um Laxá í Refasveit og inn Laxárdal með ánni og að hluta austur yfir hana. Suður yfir Langadalsfjöll liggja mörkin síðar litlu vestar Strjúgsskarðs eða í brúnum Grundarkotshnjúka. Þaðan fylgja mörkin Blöndu að Skildibrandstöðum, þar sem þau liggja yfir ána og vestur til sjávar.

1.2.3 VEÐURFAR

Samkvæmt Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu frá 2004 er veðurathugunum í Húnavatnssýslum nokkuð ábótavant en varðandi Blönduós vantar helst samfellu í mælingar.

Hitafar


Samkvæmt gögnum frá veðurstofu er ársmeðalhitinn 2° lægri á Blönduósi en í Reykjavík og 1° lægri en á Akureyri.

Úrkoma

Meðal ársúrkoma á Blönduós 1982 – 1991 var 480 mm og til samanburðar þá er meðalúrkoman í Reykjavík á sama tíma 875 mm og á Akureyri 554 (Svsk.A-Hún 2004). Á þessu sést að Blönduós verður að teljast þurr svæði, a.m.k. sé miðað við Reykjavík.


Vindur

Í Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004 segir að sýslan sé að töluverðum hluta opin fyrir norðlægum áttum og á vindrósi frá Blönduósi hér fyrir neðan sjáum við



Mynd 1-1. Hitafar á fjórum stöðum, Blönduós, Hraun á Skaga, Akureyri og Reykjavík. Graf úr Svsk.A-Hún 2004. Heim.Ví Trausti Jónson.


Þetta. Í stórum dráttum má segja að norðlægu áttirnar séu tíðari á sumrin og þá sem hafgola en suðaustan og sunnan áttir tíðari að vetrinum er kalt loft leitar niður dalina. Loks má geta þess að logn og breytileg átt eru talinn nokkuð tíðari á Blönduósi en í næsta nágrenni, Hjaltabakka en talið er að þar gæti ákveðinna „kvosaráhrifa“ bæjarstæðisins (Aðalsk.Blönduóss 1993-2013 bls.15).



Mynd 1-2. Vindrósl fyrir Blönduós byggð á athugunum frá 1982 – 2003, Svsk.A-Hún 2004 bls.38.

1.3 ATVINNUHÆTTIR

Á Blönduósi eru höfuðatvinnuvegirirnir iðnaður, verslun og þjónusta en sjávarútvegur ekki eins stór hluti atvinnulífsins. Blönduós er þekktur bær fyrir margháttaða matvælaframleiðslu, rétt er að nefna hér nokkur gamalgróin fyrirtæki eins og hið 100 ára Sláturfélag Austur-Húnavetninga Blönduósi, stofnsett 1908 og nú er SAH-afurðir. Mjólkursamlag Húnavetninga var stofnsett 1948 sem nú er MS-Blönduósi og Vilko ehf (1969) sem starfað hefur á Blönduósi síðan 1986. Áhugi er á að hvetja til frekari þróunar atvinnulífs bæjarins á sviði matvælaframleiðslu. Á mynd 1.3 má sjá samanburð á skiptingu ársverka í Blönduósbæ annarsvegar frá árinu 1998 og hinsvegar frá árinu 2005. Á þeirri mynd má sjá að landbúnaður hefur tekið stökk sem skýrist af sameiningu við Engihlíðarhrepp árið 2001. Fiskvinnsla hefur dregist mikið saman á meðan annar iðnaður og mannvirkjagerð hefur aukist.



Mynd 1-3. Samanburður á skiptingu ársverka 1998 og 2005.

2 UMHVERFISMAT AÐALSKIPULAGS BLÖNDUÓSBÆ

2.1 YFIRLIT YFIR EFNI ÁÆTLUNAR

Vinna við gerð aðalskipulags hófst árið 2008. Samhliða gerð aðalskipulags var unnið umhverfismat aðalskipulagsáætlunarinnar eins og lög nr. 105/2006 gera ráð fyrir. Landmótun vann að gerð umhverfisskýrslu aðalskipulags Blönduósbæjar í samvinnu við skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar.

Í aðalskipulagsáætlun kemur fram stefna Blönduósbæjar um landnotkun, byggðáþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál sveitarfélagsins til ársins 2022. Aðalskipulagið er unnið í samráði við íbúa

sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila og er byggt á þeim markmiðum sem koma fram í skipulags- og byggingarlögum.

Aðalskipulag Blönduósbæjar er skipulagsáætlun sem er háð umhverfismati skv. 3 gr. laga nr. 105/2006 um umhverfimat áætlana þar sem áætlunin

- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000
- er undirbúin og samþykkt af stjórnvaldi
- unnin skv. lögum.

Hér er sett fram umhverfimat aðalskipulags Blönduósbæjar í samræmi við kröfur laga um umhverfimat áætlana nr. 105/2006 en í eftirfarandi töflu má sjá hvernig umhverfisskýrslan uppfyllir skilyrði um umfang og áherslur.

Samkvæmt lögum umhverfimat áætlana skal eftirfarandi koma fram í umhverfismati aðalskipulags:	Í Aðalskipulagi Blönduósbæjar og umhverfismati þess er fjallað um þessi atriði með eftirfarandi hætti:
Yfirlit yfir efni aðalskipulagsins.	Sjá kafla 1-5 í greinargerð aðalskipulagsins.
Tengsl við aðrar áætlanir.	Sjá kafla 1.3 í greinargerð aðalskipulagsins, heimildaskrá og kafla 1.4 í umhverfisskýrslu þar sem sjá má hvaða áætlunum öðrum byggt hefur verið á við gerð aðalskipulagsins.
Upplýsingar um grunnástand umhverfisins.	Sjá forsendur og kafla 3 í umhverfisskýrslu.
Umfjöllun um líklega þróun umhverfisins án framfylgdar aðalskipulagsins.	Sjá kafla 4 í umhverfisskýrslu, en þar er fjallað um núllkosta.
Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 4 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða aðalskipulagið, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	Sjá forsendur og kafla 4 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða aðalskipulagið og hvernig tillit hefur verið tekið tillit til þeirra.	Sjá kafla 9 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd aðalskipulagsins.	Sjá kafla 4 í umhverfisskýrslu.
Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum raunhæfra valkosta við aðalskipulagið.	Sjá kafla 4 í umhverfisskýrslu.
Upplýsingar um mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.	Sjá kafla 4 í umhverfisskýrslu.
Lýsing á því hvernig matið fór fram, upplýsingar um vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa.	Sjá kafla 4-8 í umhverfisskýrslu.
Samantekt.	Sjá kafla 7 í þessum viðauka og niðurstöður umhverfismats í kafla 3 og 4 í skipulagsgreinargerð.

2.2 TILGANGUR UMHVERFISMATS

Umhverfimat áætlana er aðferð til þess að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta þær fyrirliggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun. Umhverfimat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja megi mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfimat áætlana nr. 105/2006. Grundvallarhugmyndin með slíku mati er að sá sem mótar stefnuna átti sig á orsakasambandi milli áætlana og umhverfisáhrifa þeirra. Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá því á hvaða hátt ákvarðanir um landnotkun og stefnumið Aðalskipulags Blönduósbæjar í tilteknum málaflokkum hafa áhrif á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótnun aðalskipulagsins. Í 1.gr. laga um

umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan fyrir endurskoðun aðalskipulags miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

2.3 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ

Við gerð umhverfisskýrslu verður horft til og tekið mið af eftirfarandi áætlunum. Horft var einnig til alþjóðlegra samninga og annarra stefnuskjala stjórnvalda eftir því sem við á.

2.4 ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU

Áætlanir til athugunar	Tenging	Möguleg viðbrögð í Skipulagsvinnunni
Svæðisskipulag Austur Húnavatnssýslu 2004-2016	Haft til grundvallar við gerð á Aðalskipulagi Blönduósbæjar og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Helstu frávík frá Svæðisskipulaginu eru að lagðar eru til breytingar á samgöngum, þ.e. breyting á Svínvetningabraut og Skagastrandarvegar, sorpförgunarsvæði í landi Sölvabakka og iðnaðarsvæði í landi Hnjúka. Gerðar eru breytingar á reiðleiðum og raflínunum.
Aðalskipulag Blönduós 1993-2013	Gildandi aðalskipulag sem staðfest var 1996. Gildandi aðalskipulag nær einungis yfir þéttbýlið.	Aðalskipulagið tekur mið af gildandi áætlun.
Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2002-2014	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Blönduós og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Húnaþings Vestra 2002-2014.
Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021	Haft til hliðsjónar við gerð á Aðalskipulagi Blönduós og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Tillagan mun ekki hafa áhrif á Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021.
Deiliskipulag á svæðum sem tillaga að breytingu nær yfir og aðliggjandi svæðum	Deiliskipulag á svæðinu höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulags og við gerð umhverfisskýrslu.	Tillaga að aðalskipulagi kallar á deiliskipulagsgerð af einstökum svæðum. Tillagan kallar á breytingu á afmörkun deiliskipulags Arnargerðis hesthúsasvæðis.
Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2007-2020	Tekið er á sorpförgun á Norðvesturlandi.	Aðalskipulagið tekur mið af gildandi áætlun.

Landsáætlun 2004 – 2020, Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs	Tekið á sorphögun	Aðalskipulagið samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur þessum málaflokki
Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020	Tekið á öllum málaflokkum	Aðalskipulagið samræmist þeim kröfum sem löggjafinn setur.
Samgönguáætlun 2007-2010	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Blönduós 2010-2030, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Aðalskipulagið er í samræmi við samgönguáætlun.
Náttúruverndaráætlun 2004-2008	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Blönduós 2010-2030, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Aðalskipulagið er í samræmi við náttúruverndaráætlun.
Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018	Höfð til hliðsjónar við gerð Aðalskipulags Blönduós 2010-2030, og við mat á umfangi og umhverfisáhrifum þess.	Aðalskipulagið er í samræmi við Langtímaáætlun um námufrágang 2004-2018.

2.5 ALÞJÓÐLEGAR SAMÞYKKTIR

Markmið og ákvæði eftirfarandi alþjóðlegra samþykktanna liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Blönduósþéjar.

Áætlunir til athugunar	Tenging
Alþjóðasamþykkt um fuglavernd (París 1950).	Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar, og hvað varðar varfgugla.
Ramsarsamningur Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi (Ramsar 1971).	Ekkert svæði nýtur verndar á grundvelli samningsins innan Blönduóss. En aðalskipulag Blönduósþéjar tekur mið af samningnum með að raska sem minnst votlendi.
Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979).	Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda, eða aðlaga, stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.

(Río 1992).	
Rammasamningur sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Río de Janeiro 1992).	Stemmt verði stigi við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsa-lofttegundir.
Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins (C 42/1995) http://whc.unesco.org	Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yferráðasvæði þess.

3 UMFANG, ÁHERSLUR OG FRAMSETNING

3.1 MARKMIÐ ÁÆTLUNAR SEM TEKIN ERU TIL MATS

Í eftirfarandi kafla er fjallað um helstu umhverfisáhrif sem tillaga að aðalskipulagi Blönduós 2010-2030 er líkleg til að hafa í för með sér. Fjallað er um áhrif tiltekinnna málaflokka og stefnumörkun þeirra á helstu umhverfisþætti. Lögð er áhersla á að meta umhverfisáhrif breytinga frá núverandi skipulagsáætlunum. Í lok kafla 3.1-3.3. í skipulagsgreinargerð er birt niðurstaða umhverfismats en málaflokkarnir eru:

- **Náttúra og verndarsvæði** þar sem fjallað er um verndarsvæði, náttúruvá og óbyggð svæði.
- **Byggð**, þar sem fjallað er um þjónustustofnanir, frístundabyggð, íbúabróun, íbúðarhúsnæði, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstakra nota og byggðmynstur þar sem fjallað er um ásýnd, yfirbragð og fyrirkomulag byggðar.
- **Atvinna**, þar sem fjallað er um landbúnað, verslun og þjónustu, athafnasvæði, iðnaðarsvæði, efnistöku og sorpförgun.
- **Samgöngur og veitur**, þar sem fjallað er um samgöngur og veitur.

3.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Umhverfisþættir og umhverfisviðmið

Við gerð umhverfisskýrslu fyrir aðalskipulag Blönduósbæjar var ákveðið að horfa til umhverfisþáttanna, náttúra, samfélag og auðlindir. Þar undir koma nokkrir undirþættir sem greinast eftirfarandi:

- **Náttúra:** Undirþættir eru landslag, jarðfræði og jarðmyndanir, gróðurfar og dýralíf og vatnafar.
- **Samfélag:** Undirþættir eru landrými, verndarsvæði, orka, vatns /vatnsbúskapur, jarðefni, landslag/ásýnd og sorp og fráveita.
- **Auðlindir:** Undirþættir eru samgöngur, efnahagur, félagslegt umhverfi, heilsa, menningarminjar og öryggi

Að baki hverjum umhverfisþætti eru lagðar fram forsendur þess að hann er valinn og hvar upplýsingar um hann er að finna. Að baki hverjum umhverfisþætti liggja matsspurningar og viðmið. Viðmið eru ýmist stefna sveitarstjórnar, lög og reglugerðir eða stefna íslenskra stjórnvalda. Þar sem hægt er að meta með mælingum áhrif og/eða breytingar af völdum aðalskipulags Blönduóss á tiltekinn umhverfisþátt eru notaðir umhverfisvísar. Með þeim er hægt að afmarka gagnasöfnun um tiltekinn umhverfisþátt við ákveðin atriði. Nánari skýringar á umhverfisþáttum og viðmiðum má finna í lok umhverfisskýrslu.

Umhverfismatið – aðferðir og framsetning niðurstaðna

Upplýsingar sem nýttar verða við gerð umhverfisskýrslu eru gögn sem aflað hefur verið við gerð gildandi Aðalskipulags Blönduóss ásamt gögnum sem tengjast umhverfismati einstakra framkvæmda innan sveitarfélagsins

sem og tilkynningargögn og gögnum sem aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu. Byggt var á fyrirbyggjandi upplýsingum um ástand umhverfis í Blönduósbæ, þ.m.t. á fyrirbyggjandi upplýsingum úr málsmeðferð einstakra framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Til að lýsa vægi áhrifanna eru notaðar venslatöflur þar sem áhrifum er lýst á eftirfarandi hátt:

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt. Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin.
Óveruleg/Óljós	0	Óveruleg eða óljós áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin. Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun.
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin.

4 UMHVERFISMAT

4.1 STEFNA AÐALSKIPULAGS BLÖNDUÓSS UM BYGGÐ

(sjá kafla 3.3)

Umfjöllun um byggð einskorðast við íbúðabyggð. Ekki er talið að stefna aðalskipulags Blönduóss um frístundabyggð og opin svæði til sérstakra nota geti haft veruleg áhrif í för með sér og eru því sérstaklega metin m.t.t. umhverfisáhrifa enda svæðin lítil að umfangi. Megin markmið sveitarfélagsins um íbúðarbyggð eru eftirfarandi:

- Stuðlað verði að stækkun núverandi íbúðabyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði. Stuðlað verði að fjölbreyttu framboði íbúðagerð og lóða og gert er ráð fyrir að auka þéttleika þannig að 12 eða fleiri íbúðir verði á ha.

Í Aðalskipulagi Blönduós er ekki gert ráð fyrir sérstakri uppbyggingu íbúðarbyggðar í dreifbýli en áhersla lögð á uppbyggingu þéttbýlis í Blönduósbæ.

4.1.1 ÁHRIF STEFNU AÐALSKIPULAGS VEGNA ÍBÚÐABYGGÐAR:

Í aðalskipulagi Blönduósbæjar er gert ráð fyrir að íbúum muni fjölga talsvert á skipulagstímabilinu og helst sú fjölgun í hendur við uppbyggingu atvinnulífs í sveitarfélaginu (sjá umfjöllun um atvinnu). Gert er ráð fyrir að íbúum fjölgi um allt að 550 yfir skipulagstímabilið og miðast sú spá við uppbyggingu gagnavers á Blönduósi. Fjölgun íbúa og uppbygging samhliða henni veldur aukinni eftirspurn eftir opinberri þjónustu eins og félagsþjónustu, leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, heilsugæslu og öldrunarþjónustu. Til að mæta þessari íbúafjölgun þá er gert ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum austan við núverandi þéttbýli sem og á Neðri-Brekku. Einnig er nokkuð um óbyggðar lóðir innan Blönduós þar sem færi gefst á að þetta byggðina.

4.1.2 VALKOSTIR FYRIR ÍBÚÐARBYGGÐ

Við gerð aðalskipulags Blönduóss 2010-2030 var horft til tveggja valkosta:

- Stefna aðalskipulags um ný svæði fyrir íbúðarbyggð og þétting byggðar.
- Núllkostur þ.e. miðað við þau markmið sem sett eru fram í Aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 og Svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016.

Íbúðarsvæði sjá (kafla 3.2.1)	Ný íbúðarsvæði og þétting byggðar	Núllkostur
<i>Náttúra</i>	Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg vegna náttúrufars. Svæðin sem ætluð eru undir íbúðarbyggð eru í dag notuð sem tún eða beitarlönd og eru þegar röskuð. Ekki verður gengið á hjallana sem eru jarðsögulegar minjar og einkennandi fyrir byggðina á Blönduósi.	Óveruleg áhrif á náttúrufar þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð fyrir utan þau sem skilgreind eru í Aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 og þar með haldast svæðin í núverandi ástandi..
<i>Auðlindir</i>	Íbúðarbyggð verður ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg vegna sögu eða almenns útivistargildis. Landrýmið sem bæjarfélagið hefur til framtíðar uppbyggingar er umfangsmikið og er hér því ekki um mjög takmarkaða auðlind að ræða. Óveruleg áhrif á verndarsvæði, orkunotkun, vatnsbúskap og jarðefnanotkun.	Óveruleg áhrif á auðlindir þar sem ekki er gert ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð eða annarri þjónustu sem áhrif gæti haft á auðlindir.
<i>Samfélag</i>	Jákvæð áhrif þar sem íbúðarbyggð er skipulögð með tilliti aðgengis að útivist. Jákvæð áhrif á húsnæðisframboð og búsetukostum fjölgar. Jákvæði áhrif á íbúapróun þar sem gert er ráð fyrir íbúafjölgun á svæðinu. Úttekt á hefur verið gerð á fornleifum og verður þess gætt að þeim verði ekki raskað og gerð krafa um að þær verði merktar og auki þannig fræðslugildi svæðisins. Jákvæð áhrif á efnahag þar sem með uppbyggingu íbúðarhúsnæðis aukast atvinnutækifæri á svæðinu. Með auknum íbúafjölda mun umferð aukast og þar með hefur það áhrif á umferðaröryggi og loftgæði en ekki er talið að það hafi veruleg áhrif.	Neikvæð áhrif á efnahag og félagslegt umhverfi þar sem gert er ráð fyrir minni íbúafjölgun á svæðinu. Óveruleg áhrif á samgöngur, heilsu, öryggi og menningarminjar, sorp og fráveitu.

4.1.3 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Blönduóss um íbúðarsvæði er komið til móts við líklegar þarfir fyrir frekari íbúðarbyggð en um leið er gætt að heildarmynd og að byggðamynstri þéttbýlisins. Stefna aðalskipulags mun hafa óveruleg áhrif á náttúrfarslega þætti og auðlindir en jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Í samanburði við núllkost þar sem gert er ráð fyrir fækkun íbúa í sveitarfélaginu með tilheyrandi áhrifum á þjónustustig, samfélag og efnahag þá er valkostur 1 líklegri til skapa ákveðna heildarmynd íbúðarsvæða og mæta hugsanlegri eftirspurn á húsnæði ef til uppbyggingu á iðnaðar- og athafnasvæði kemur.

4.1.4 MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS

Kröfur um ásýnd bæjarins á hönnunar- og deiliskipulagstigi geta komið í veg fyrir neikvæð áhrif á ásýnd. Við hönnun byggðar þarf m.a að fylgja þeirri stefnu sveitarfélagsins að framkvæmdir falli vel að byggðamynstri. Mikilvæg gróðursvæði verði ekki skert og ekki verði gengið á mikilvæg búsvæði fugla. Þess verði gætt við hönnun mannvirkja

að jarðvinnsla við gerð þeirra verði í lágmarki og að landslagsmótun verði í samræmi við það landslag sem fyrir er á svæðinu.

4.1.5 HEILDARNIÐURSTAÐA UMhverfisÁHRIFA FYRIR BYGGÐ

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Blönduósbæjar varðandi íbúðarsvæði sneri að því að stuðla að stækkun núverandi íbúðabyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði. Stuðlað verði að fjölbreyttu framboði íbúðagerð og lóða og gert er ráð fyrir að auka þéttleika. Áhrif áforma sveitarfélagsins Blönduós sem koma fram í aðalskipulagi eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag en óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og auðlindir.

Byggð	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Íbúðarbyggð	0	0	+

4.2 STEFNA AÐALSKIPULAGS BLÖNDUÓSS UM VERND OG NÁTTÚRUVÁ

(sjá kafla 3.3)

Umfjöllun um náttúru- og verndarsvæði byggir á eftirfarandi þáttum:

- Óbyggð svæði
- Náttúruverndarsvæði
- Þjóðminjavernd
- Verndarsvæði vegna neysluvatns
- Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns
- Hverfisverndarsvæði
- Svæði undir náttúruvá

Megin markmið sveitarfélagsins um náttúru- og verndarsvæði eru að við skipulag og framkvæmdir á óbyggðum svæðum verði tekið fyllsta tillit til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða. Mörkuð er stefna um verndun og friðlýsingu einstakra svæða og almennrar varðveislu á friðlýstum svæðum, náttúru- og þjóðminjum og umhverfislegra gæða. Að ávallt verði nægilegt framboð á hágæða neysluvatni fyrir íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina svæði þar sem talið er að náttúruvá sé til staðar og að þess verði gætt að íbúðarbyggð og frístundabyggð verði ekki skipulögð á hættusvæðum.

Í aðalskipulagi Blönduós er lagt til að komið verði á hverfisvernd á nokkrum stöðum. Innan þéttbýlisins verði hjallarnir hverfisverndaðir sem jarðsögulegar minjar um fyrrum sjávarstöðu. Í dreifbýli eru það Laxá í Refasveit frá Laxárvík upp undir Skrapatungurétt. Þar eru fallegar gangbríkur og setlög eru meðfram ánni á svæðinu en auk náttúrufegurðar hefur svæðið mikið fræðslugildi. Langadalsfjöll hafa mikið verndargildi vegna snarhallandi jarðlaga og merkilegra urðarbingja. Tjarnir við Móberg vegna fjölskrúðugs fuglalífs. Ennfremur er lögð til hverfisvernd vegna fornleifa og menningarminja í Laxárdal en dalurinn hefur mikið fræðslugildi og rannsóknargildi vegna fornminja.

Vatnsverndarsvæði fyrir Blönduósbæ er að finna í Vatnahverfi, norðan Blönduós. Fjarsvæðið ná yfir um 813 ha, grannsvæðið um 410 ha og brunnsvæði um 1 ha. Um er að ræða landnotkun sem hefur takmarkandi áhrif. Stefnt er að því að ljúka flokkun vatnsvæða og strandsvæða á fyrrihluta skipulagstímabilsins.

Helstu aðgerðir sem lagðar eru til varðandi náttúruvá er að sporna við landbroti og kortleggja hættusvæði enn frekar. Skilgreint er svæði undir náttúruvá vegna ofanflóða úr Langadalsfjalli.

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Blönduós sem snýr að náttúru- og verndarsvæðum fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru.

4.3 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM ATVINNU

Um fjöllum um atvinnu skiptist í athafnasvæði og iðnaðarsvæði, sorpförgunarsvæði og efnistökusvæði. Ekki er talið að stefna aðalskipulags Blönduóss um landbúnaðarsvæði, verslun og þjónustu geti haft veruleg áhrif í för með sér og eru því ekki með í þessu mati.

Megin markmið sveitarfélagsins um iðnaðarsvæði eru eftirfarandi:

- Stefnt er að því að kannaðir verði möguleikar á orkufrekum iðnaði á svæðinu.
- Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun núverandi iðnaðarstarfsemi til að stuðla að eflingu iðnaðar í sveitarfélaginu.

Megin markmið um efnistökusvæði eru eftirfarandi:

Í skipulagsáætluninni eru sýndir núverandi efnistökuastaðir en almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökustöðum. Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum

Megin markmið um sorpförgunarsvæði eru eftirfarandi:

Skipulagsáætluninni er ætlað að gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi en leita skal hagkvæmra leiða til að draga úr magni úrgangs til förgunar. Allur úrgangur sem hægt er að endurnýta, verði endurnýttur. Unnið verði að endurnýtingu og endurvinnslu þar sem það er mögulegt. Áhersla verður lögð á jarðgerð lífræns úrgangs og að móttöku- og flokkunarstöðvar í dreifbýli verði eflaðar.

4.3.1 ÁHRIF STEFNU AÐALSKIPULAGS UM ATHAFNASVÆÐI OG IÐNAÐARVÆÐI:

Í tillögu að aðalskipulagi Blönduóss eru lagt til umfangsmikið svæði fyrir athafnasvæði í landi Hnjúka þar sem gert er ráð fyrir um 500 ha svæði sem ætlað er undir gagnaver. Svæðið verður skilgreint sem blönduð landnotkun athafna- og iðnaðarsvæðis vegna varaafsstöðvar sem staðsett verður innan svæðisins. Svæðið sem um ræðir er stórt og er að hluta til framræst beitarland sem hefur verið nýtt sem hrossahólf og er hesthúsasvæði Blönduósbæjar við jaðar svæðisins. Stærsti hluti svæðisins eru þó hálfgrónir og lítt grónir melar. Þrátt fyrir að mikið land sé tekið undir athafna og iðnaðarsvæði þá verður ekki nema lítt hluti sem nýttur verður undir mannvirki eða um 10%. Nýtingarhlutfallið verður mjög lítið sem stafar af því að helstu byggingar þurfa að vera í talsverði fjarlægð (400 m) frá hver annarri. Gerð hefur verið fornleifaskráning af svæðinu og komu í ljós um 30 minjar. Atvinnulíf í Blönduósbyggð hefur einkennst af iðnaði og verslun og þjónusta en sjávarútvegur ekki eins stór hluti atvinnulífsins og hefur matvælaframleiðsla hefur ávallt leikið stórt hlutverk. Atvinnulífið byggir því mikið á þjónustu við frumatvinnugreinar þar sem mikill samdráttur hefur verið og tiltölulega einhæft atvinnulíf.

4.3.2 VALKOSTIR FYRIR ATHAFNA- OG IÐNAÐARVÆÐI.

Við gerð aðalskipulags Blönduóss 2010-2030 var horft til þriggja valkosta:

- Stefna aðalskipulags um nýtt iðnaðarsvæði í landi Hnjúka.
- Nýtt svæði frá flugvelli að Svínvetningabraut í Blönduósbæ og Blönduósi.
- Núllkostur, þ.e. að ekki verði farið í uppbyggingu iðnaðarsvæðis á Blönduósi sem er í samræmi við gildandi aðalskipulag Blönduóss 1993-2013.

Athafnasvæði og iðnaðarsvæði	Nýtt iðnaðarsvæði í landi Hnjúka	Nýtt iðnaðarsvæði í landi Hnjúka	Núllkostur
<i>Náttúra</i>	Mannvirki verði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg vegna náttúrfars. Áhrifin eru óveruleg á gróður, dýralíf og jarðfræði þar sem mjög lítil hluti svæðisins verður nýttur fyrir mannvirki. Óveruleg áhrif á vatnafar. Breytingar verða óhjákvæmilega á landslag og ásýnd vegna nýrra mannvirkja á óröskuðu landi.	Svæðið er að stórum hluta framræst votlendi og áhrifin yrðu því neikvæð á gróður, neikvæð áhrif á dýralíf og vatnafar vegna nálægðar við Laxá í Ásum. Neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Óveruleg áhrif á jarðfræði.	Óveruleg áhrif þar sem ekkert verður af uppbyggingu á svæðinu.
<i>Auðlindir</i>	Óveruleg áhrif á landrymi þar sem lítil hluti fer undir mannvirki. Óveruleg áhrif á verndarsvæði þar sem ekki eru fyrir hendi svæði sem njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga eða svæði á náttúruminjaskrá. Orkunotkun á hvern íbúa eykst þar með uppbyggingu gagnavers en í heildina er það talið vera óverulegt. Óveruleg áhrif á vatnsbúskap á vatnsbúskap og jarðefnanotkun.	Óveruleg áhrif á landrymi þar sem lítil hluti fer undir mannvirki. Óveruleg áhrif á verndarsvæði þar sem ekki eru fyrir hendi svæði sem njóta verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga eða svæði á náttúruminjaskrá. Orkunotkun á hvern íbúa eykst þar með uppbyggingu gagnavers en í heildina er það talið vera óverulegt. Óveruleg áhrif á vatnsbúskap á vatnsbúskap og jarðefnanotkun.	Óveruleg áhrif þar sem ekkert verður af uppbyggingu á svæðinu.
<i>Samfélag</i>	Jákvæð áhrif á efnahag og félagslegt umhverfi vegna fjölgunar atvinnutækifæra og jákvæðrar íbúabróunar. Gert er ráð fyrir að störfum á svæðinu geti fjölgað um allt að 150 með uppbyggingu gagnavers sem myndi hafa talsverða íbúafjölgun í för með sér. Eftirspurn eftir félagslegri og almennri þjónustu myndi aukast. Umferð vegna athafnasvæðis og vegna fjölgunar íbúa á svæðinu mun aukast en ekki er talið að það muni hafa veruleg áhrif á samgöngur á svæðinu eða á umferðaröryggi og loftgæði. Óveruleg áhrif á menningaminjar þar sem þess yrði gætt að þeim yrði ekki raskað.	Jákvæð áhrif á efnahag og félagslegt umhverfi vegna fjölgunar atvinnutækifæra og jákvæðrar íbúabróunar. Gert er ráð fyrir að störfum á svæðinu geti fjölgað um allt að 150 með uppbyggingu gagnavers sem myndi hafa talsverða íbúafjölgun í för með sér. Eftirspurn eftir félagslegri og almennri þjónustu myndi aukast. Neikvæð áhrif vegna nálægðar við flugvöll. en annars óveruleg á aðra samgöngupætti. Neikvæð áhrif vegna eignarhalds á landi. Umferð vegna athafnasvæðis og vegna fjölgunar íbúa á svæðinu mun aukast en ekki er talið að það muni hafa veruleg áhrif á samgöngur á svæðinu eða á umferðaröryggi og loftgæði. Óveruleg áhrif á menningaminjar þar sem þess yrði gætt að þeim yrði ekki raskað.	Neikvæð áhrif á efnahag og félagslegt umhverfi þar sem um er að ræða stórtæka aðgerð um uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu sem mun hafa áhrif á byggða- og atvinnubrúun í sveitarfélaginu. Óveruleg áhrif á samgöngur, heilsu og öryggi, menningarmínjar.

4.3.3 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Blönduóss 2010-2030 um athafna og iðnaðarsvæði leiddi í ljós að svæðið í landi Hnjúka þótti best m.t.t. til þeirra þátta sem horft var til. Fyrir hendi voru góðar tengingar við flutningsleiðir raforku og ljósleiðara, góð tenging við stofnvegi, möguleg tenging við vatnsföll eða sjó til kælingar, í tengslum við þéttbýli

og þróunarmöguleikar til stækkunar þar sem landið sem um ræðir er allt í eigu bæjarins. Áhrif á náttúrufarslega þætti voru óveruleg fyrir utan landslag og ásýnd. Núllkostur samræmist ekki stefnu aðalskipulags um uppbyggingu orkufreks iðnaðar á svæðinu og er því ekki ásættanlegur.

4.3.4 MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS

Huga vel að tilhögun og ásýnd athafna- og iðnaðarlóða sem og mannvirkja. Kröfur um ásýnd á hönnunar- og deiliskipulagstigi geta komið í veg fyrir neikvæð áhrif á ásýnd. Kröfur um ákveðið hreinlæti athafna- og iðnaðarlóða.

4.3.5 ÁHRIF STEFNU AÐALSKIPULAGS Á EFNISTÖKU OG SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Í tillögu að aðalskipulagi er lagt til nýtt svæði fyrir sorpförgun og efnistöku í landi Sölvabakka norðan Blönduós. Landið er að mestu sléttur melur sem hallar lítillega í átt til sjávar en neðst á svæðinu eru brattar malar- og leirbrekkur sem ná niður í fjöru, stysta fjarlægð frá lóð að sjó er um 60 m. Í melnum innan framkvæmdarsvæðis eru þrír skorningar í landinu sem eru rof eftir vorleysingarläki, en þar er ekki rennandi vatn að ráði á öðrum árstímum. Ekkert vatn er sýnilegt innan svæðisins í þurrviðri enda er melurinn gljúpur og þurr og þegar rignir hripar rigningrvatn jafnóðum niður í jörðina. Fyrirhugað er að koma jarðefnum sem koma úr myndun urðunarhólfa í nýtingu á og utan framkvæmdarsvæðis eins og mögulegt er, t.d. í vegagerð. Með nýtingu jarðefna úr melnum skapast tækifæri til að loka öðrum efnistöku á nágreininu sem eru á viðkvæmum svæðum eða til að seinka því að opna þurfi nýja. Möguleiki er á að nýta a.m.k. 20.000 m³ af jarðefnum árlega, en nánari könnun og reynsla verður að leiða í ljós gæði efnisins og hagkvæmni vinnslu þess. Hluti jarðefna nýtist við uppbyggingu urðunarstaðar og í rekstri hans í vega- og slóðagerð og hulu á úrgang auk mana ef með þarf. Ef ekki finnst nýting fyrir jarðefni í verkefni utan svæðis verður efni notað í landmótun á lóðinni í samráði við skipulagsyfirlögd og landeiganda. Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga sá um skráningu fornleifa á Sölvabakka í Blönduósbæ en skráðar voru alls 131 minjar. Engar minjar eru á fyrirhuguðu sorpförgunar- og efnistökusvæði. Urðunarsvæðið á að nýtast einnig fyrir Skagafjörð og jafnvel einnig fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Húnaþing Vestra og myndi því áætlaður vinnslutími til 30 ára stytast ef af fleiri sveitarfélög kæmu að.

4.3.6 VALKOSTIR FYRIR EFNISTÖKU- OG SORPFÖRGUNARSVÆÐI

Við gerð aðalskipulags Blönduóss 2010-2030 var horft til fjögurra valkosta:

- Sölvabakki
- Bakkakot
- Blöndubakki
- Núllkostur. Áframhaldandi förgun úrgangs í Draugagili skv. gildandi aðalskipulagi.

Efnistöku- og sorpförgunarsvæði (sjá kafla 3.1.5 og 3.1.6)	Sölvabakki	Bakkakot	Blöndubakki	Núllkostur
<i>Náttúra</i>	Neikvæð áhrif á náttúru sem felast í raski á náttúru og ásýnd landslags.	Neikvæð áhrif á náttúru sem felast í raski á náttúru og ásýnd landslags.	Neikvæð áhrif á náttúru sem felast í raski á náttúru og ásýnd landslags.	Óveruleg áhrif á náttúru þar sem ekki yrði tekið nýtt land undir sorpförgun.
<i>Auðlindir</i>	Óveruleg á auðlindir þar sem ekki er um að ræða stórt landsvæði sem fer undir efnistöku og sorpförgun, áhrif á verndarsvæði, orkunotkun, vatnsbúskap og jarðefnanotkun eru talin vera óveruleg.	Óveruleg á auðlindir þar sem ekki er um að ræða stórt landsvæði sem fer undir efnistöku og sorpförgun, áhrif á verndarsvæði, orkunotkun, vatnsbúskap og jarðefnanotkun eru talin vera óveruleg.	Óveruleg á auðlindir þar sem ekki er um að ræða stórt landsvæði sem fer undir efnistöku og sorpförgun, áhrif á verndarsvæði, orkunotkun, vatnsbúskap og jarðefnanotkun eru	Neikvæð áhrif á auðlindir sem myndi þýða að óbreytt ástand í sorpförgun og efnistöku í sveitarfélaginu þar sem gert er ráð fyrir fleiri minni námum sem væru dreifðar um allt

			talin vera óveruleg.	sveitarfélagið.
Samfélag	Óveruleg fjölgun starfa á framkvæmdatíma, óveruleg áhrif á samgöngur, félagslegt umhverfi, heilsu og öryggi vegna fjarlægðar frá byggð. Óveruleg áhrif á menningaminjar.	Óveruleg fjölgun starfa á framkvæmdatíma, óveruleg áhrif á samgöngur en gæti haft áhrif á legu Skagastrandarveggar. Óveruleg áhrif á félagslegt umhverfi, heilsu og öryggi vegna fjarlægðar frá byggð. Óveruleg áhrif á menningaminjar.	Óveruleg fjölgun starfa á framkvæmdatíma, óveruleg áhrif á samgöngur en gæti haft áhrif á legu Skagastrandarveggar. Óveruleg áhrif á félagslegt umhverfi, heilsu og öryggi vegna fjarlægðar frá byggð. Óveruleg áhrif á menningaminjar.	Neikvæð áhrif á loftgæði þar sem núverandi sorpförgunarsvæði í Draugagili er tiltölulega nálægt Blönduósi.

4.3.7 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Sölvabakki er tiltölulega miðsvæðis á milli tveggja stærstu þéttbýlisstaðanna í Austur – Húnavatnssýslu sem og Sauðárkróks um Þverárfjall og nálægt stofnvegum í góðum tengslum við byggðina í sýslunni. Með breytingu á Skagastrandarvegi verður tenging við svæðið enn betri. Eftir nánari ígrundun voru hinir valkostirnir ekki taldir raunhæfir vegna ýmissa annmarka. Bakkakot kom ekki til frekari álita vegna legu þjóðveggar sem myndi skapa erfiðleika með frárennsli vegna sigvatns. Á Blöndubakka var stutt á klöpp og því ekki ákjósanlegt með tilliti til þeirrar aðferðar sem notast á við efnistöku og urðun. Einnig þótti nálægðin við þéttbýli vera of mikil. Núllkostur þýddi að hugsanlegt væri að nýta urðunarstaði við Blönduós eitthvað áfram og flytja sorp frá Skagafirði og Siglufirði þangað til urðunar. Þetta krefst aukinnar jarðgerðar á svæðinu öllu, auk meiri fullvinnslu og jarðgerð á fisk-, slátur- og kjötvinnsluúrgangi. Þessi leið væri hugsanleg samhliða sorpbrennslu á Skagaströnd, eða mikilli flokkun og endurnýtingu. Urðunarstaðirnir sem nú eru starfandi uppfylla ekki þær kröfur sem settar eru í ákvæðum laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs staðirnir þurfa að laga sig að kröfum reglugerðar nr. 738/2003 fyrir júlí 2009

4.3.8 MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS

Huga vel að tilhögun og ásýnd sorpförgunar-svæðisins. Við hönnun sorpförgunarsvæðis þarf m.a að fylgja þeirri stefnu sveitarfélagsins að framkvæmdir falli vel að landslagi.

4.3.9 HEILDARNIÐURSTAÐA UMHVERFISÁHRIFA FYRIR ATVINNU

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Blönduósbæjar varðandi iðnaðar- og athafnasvæði sneri að því að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra. Tilkoma athafna- og iðnaðarsvæðis hefði víðtæk áhrif á samfélag Blönduós m.a á efnahag og íbúapróun þar sem íbúum og atvinnutækifærum myndi fjölga mikið í kjölfarið og aukin eftirspurn yrði eftir húsnæði og þjónustu ýmis konar. Neikvæðra áhrifa mun gæta á landslag og ásýnd en óveruleg á áhrif á gróður, dýralíf, jarðfræði og vatnafar. Áhrif á auðlindir yrðu óveruleg. Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif stefnumiða aðalskipulags Blönduós varðandi sorpförgunar- og efnistökusvæði snéri að því að finna hentugt sorpförgunarsvæði í samstarfi við sveitarfélög í Skagafirði. Með tilkomu sorpförgunarsvæðis á Sölvabakka myndi svæðið breytast mikið en áhrifin eru helst á jarðfræði og jarðmyndanir, lífríki, landrými og landslag. Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar en verða fyrir óverulegum áhrifum eru gróðurfur, vatnafar, loftgæði, samgöngur, félagslegt umhverfi, heilsa fólks, menningarmínjar, öryggi, verndarsvæði og orkunotkun.

Atvinna	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Athafnasvæði	0/-	0	0/+

Iðnaðarsvæði	0/-	0	0/+
Efnistökusvæði	-	0	0
Sorpförgunarsvæði	-	0	0

4.4 STEFNA AÐALSKIPULAGS UM SAMGÖNGUR OG VEITUR

(sjá kafla 3.3 og 4. kafla)

Megin markmið sveitarfélagsins er að leita hagkvæmstu lausna í vegagerð og stuðla að umferðar- og rekstraröryggi. Tengivegir innan byggðarinnar verða endurbættir vegna skólaaksturs og vinnusóknar utan heimilis. Aukið verði öryggi vegfaranda á vegum. Sérstök áhersla er lögð á umferðaröryggi með öruggari vegtengingum tengibrauta t.a.m. með fækkun heimtraða við Hringveginn og fækkun einbreiðra brúa. Tengivegir verði lagaðir og lagðir bundnu slitlagi. Lögð er áhersla á styrkingu og hækkun vega á snjóastöðum til að fyrirbyggja snjósöfnun. Áhrif vegna samgangna og veitna verða fyrst fremst á samfélagslega þætti eins og atvinnu og þróun þéttbýlis en einnig nokkur áhrif á náttúru þar sem óraskað land fer undir samgöngumannvirki. **Ekki er talið að stefna aðalskipulags Blönduóss um reið-, göngu-, hjólaeðir, hita-, vatns- og fráveitu gætu haft verulega neikvæð áhrif í för með sér og eru því ekki með í þessu mati.**

4.4.1 ÁHRIF STEFNU AÐALSKIPULAGS FYRIR VEGI

Í aðalskipulagi Blönduósbæjar er lögð til færsla vegstæðis Skagastrandarvegur í sveitarfélaginu til vesturs og mun sá vegur heita Þverárfjallsvegur frá hringvegi norðan Blönduós að sveitarfélagsmörkum við Laxá í Refasveit. Vegurinn liggur nú í gegnum vatnsverndarsvæðið í Vatnahverfi og mun færsla hans þýða að hann verður að mestu leyti utan þess. Einnig er lögð til færsla á Svínvetningabraut á um 3 km kafla. Sú færsla er tilkomin vegna afmörkunar athafna- og iðnaðarsvæðis í landi Hnjúka.

4.4.2 VALKOSTIR: FYRIR SAMGÖNGUR

Við gerð aðalskipulags Blönduóss 2010-2030 var miðað við að efla samgöngur á milli nágrannabyggðalaga og auka umferðaröryggi með bættum samgöngum. Umfjöllun um valkosti snéri að tveimur valkostum ásamt núllkosti:

- Nýr Skagastrandarvegur. Færsla á Skagastrandarvegi til vesturs.
- Færsla á Svínvetningabraut.
- Valkostur 3. Núllkostur.

Vegir (sjá kafla 3.3 og 4)	Nýr Skagastrandarvegur. Færsla á Skagastrandarvegi til vesturs.	Færsla á Svínvetningabraut	Núllkostur
Náttúra	Líklegt er að neikvæð áhrif þessarar tillögu felist í röskun á gróðri og ásýnd landslags. Jákvæð áhrif á vatnafar þar sem vegurinn er færður að mestu leyti út fyrir vatnsverndarsvæði.	Líklegt er að neikvæð áhrif þessarar tillögu felist í röskun á gróðri og ásýnd landslags. Óveruleg áhrif á vatnafar þar sem ekki er farið yfir vatnsverndarsvæð óveruleg áhrif á votlendi en farið er á takmörkuðu svæði yfir votlendi..	Óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti þar sem ekki yrði farið í neinar framkvæmdir.
Auðlindir	Aukin jarðefnanotkun en þess verði gætt að ekki verði farið í að opna nýjar námur og því áhrifin talin óveruleg. Óveruleg áhrif á landrými, vatnsnotkun, orkunotkun og verndarsvæði.	Aukin jarðefnanotkun en jarðefni til vegagerðar eru fyrir hendi úr nálægum námum sem og við framkvæmdir á athafna- og iðnaðarsvæði þar sem hægt verður að fá efni.	Óveruleg áhrif á auðlindir þar sem ekki yrði farið í neinar samgöngubætur.

Samfélag	<p>Jákvæð áhrif á umferðaröryggi með bættum vegi og vegurinn verður staðsettur á veðurfræðilega betri stað. Jákvæð áhrif á loftgæði vegna styttri vegalengda og bættra samgangna.</p> <p>Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar en verða fyrir óverulegum/óljósum áhrifum eru efnahagur, félagslegt umhverfi og menningarminjar.</p>	<p>Óverleg áhrif á samfélagsleg þætti þar sem ekki er um langan veg að ræða. Umferðaröryggi ætti samt að aukast. Aðrir umhverfisþættir sem voru til athugunar en verða fyrir óverulegum/óljósum áhrifum eru efnahagur, félagslegt umhverfi og menningarminjar.</p>	<p>Neikvæð samfélagsleg áhrif þar sem ekki yrði farið í neinar samgöngubætur í sveitarfélaginu.</p>
----------	--	--	---

4.4.3 NIÐURSTAÐA SAMANBURÐAR

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Blönduóss 2010-2030 í samgöngumálum er m.a. verið að stuðla að bættu umferðaröryggi og betri tengingu við nágrannasveitarfélög til að styrkja þau sem eitt atvinnu- og félagssvæði. Jákvæð áhrif valkosta sem til greina komu eru á samfélag vegna styttri vegalengda, bættra samgangna, aukins umferðaröryggis. Með nýjum samgöngumannvirkjum er líklegt að röskun verði á gróðri, dýralífi, ásynnd landslags, loftgæðum og aukinni jarðefnanotkun. Núllkostur er ekki í samræmi við stefnumið sveitarfélagsins.

4.4.4 MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA STEFNU AÐALSKIPULAGS

Tillögur að mótvægisáðgerðum til að draga úr hættu á röskun á ásynnd Blönduósbæjar og neikvæðum umhverfisáhrifum með tilkomu nýrra samgöngumannvirkja:

- Huga vel að hönnun og ásynnd samgöngumannvirkja þannig að framkvæmdir falli vel að landslagi.
- Huga vel að vali á efnisnámmum við framkvæmdir þannig að ekki gerist þörf á að opna nýjar námur á framkvæmdatíma.

4.4.5 HEILDARNIÐURSTAÐA UMHVERFISÁHRIFA FYRIR SAMGÖNGUR OG VEITUR

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Blönduósbæjar 2010-2030 sem snýr að samgöngum og veitum hafa óveruleg til neikvæð áhrif á gróður, ásynnd landslags og jarðefnanotkun en jákvæð áhrif efnahag og vegalengdir styttest.

Samgöngur og veitur	Umhverfisþættir		
	Náttúra	Auðlindir	Samfélag
Samgöngur	0/-/+	0	0/+/?

5 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA

5.1 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þurfa förgunarstöðvar þar sem úrgangur er urðaður að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt viðauka 1 og 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 þá eru ákveðin samgöngumannvirki háðar mati á umhverfisáhrifum. Líklegt þykir að þessi lög nái til hluta eða allra þeirra framkvæmda sem lagðar eru til í aðalskipulagi Blönduósbæjar.

Samkvæmt viðauka 1 og viðauka 2 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kunna efnisnámmur að vera matsskyldar.

6 SAMRÁÐ

Aðalskipulagstillaga fyrir Blönduósbæ hefur verið til umfjöllunar hjá skipulags-, byggingar- og veitunefnd og sveitarstjórn síðan árið 2008. Við mótun aðalskipulags Blönduósbæjar 2010-2030 var víða leitað eftir athugasemdum og ábendingum bæði hjá nágrennasveitarfélögum, ríkisstofnunum og öðrum hagsmunaaðilum.

6.1 KYNNING UMHVERFISSKÝRSLU

Tillaga að aðalskipulagi Blönduósbæjar og umhverfisskýrsla verður kynnt umsagnar aðilum og almenningi og auglýst með lögformlegum hætti. Umsagnaraðilum og almenningi gefast sex vikur til að kynna sér aðalskipulagið og umhverfisskýrsluna og koma á framfæri athugasemdum áður en aðalskipulagið er afgreitt og staðfest.

7 SAMLEGÐARÁHRIF OG HEILDARNIÐURSTAÐA MATSVINNU

Líkleg áhrif Aðalskipulags Blönduósbæjar eru á heildina litið jákvæð á samfélag sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, eflingu atvinnutækifæra með þá sér í lagi með uppbyggingu hreins iðnaðar. Neikvæð áhrif geta orðið af stefnu aðalskipulags á náttúru vegna uppbyggingu iðnaðarsvæðis og svæðis fyrir sorpförgun og efnistöku með tilheyrandi ásýndarbreytingum og röskun á náttúru. Lagt er til að settar verði fram kröfur um ásýnd, hlutfall grænna svæða, umhirðu, umgengni á þessum svæðum og gerðar eru kröfur um að hljóðvist og loftmengun séu ávallt til fyrirmyndar Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan sýna mikinn vilja til að styrkja og efla sveitarfélagið á mörgum sviðum og leitast er við að samrýma umhverfisvernd, nýtingu auðlinda og tækifæri á sviði atvinnu og samgangna. Umhverfismat Aðalskipulags Blönduósbæjar er því liður í að aðalskipulagsvinnan stuðli að sjálfbæri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

8 VÖKTUNARÁÆTLUN

Þar sem líkur eru á neikvæðum umhverfisáhrifum er mikilvægt að gera tillögu að vöktunaráætlun. Lagt er til að vöktun neikvæðra áhrifa sem vega hvað þyngst í umhverfismatinu verði liður í skipulagsvinnu við reglulega endurskoðun aðalskipulags. Lagt er til að Blönduósbær hafi umfjöllun umhverfisskýrslu til hliðsjónar við skipulagsvinnu hvers konar og grípi til þeirra mótvægisáðgerða sem eiga við hverju sinni og lagðar hafa verið til í umhverfisskýrslu. Gera skal ráð fyrir að nánari vöktunaráætlun framkvæmda verði við mati á umhverfisáhrifum þeirra sem og að fram komi nánari vöktunaráætlun á deiliskipulagsstigi.

Þættir í umhverfinu sem þarf að vakta á neðri stigum áætlunargerðar eru eftirfarandi:

1. Vöktun vatnsgæða í sveitarfélaginu.
2. Vöktun á að ekki verði gengið á góð landbúnaðarsvæði þegar ákvörðun er tekin um breytta landnotkun..

9 VIÐAUKI

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurnin g	Viðmið	Umhverfisvísar
Náttúra					
Landslag	Áhrif stefnumörkunar á ásjáð landslags, þ.e vegna aukinnar byggðar, samgöngumannvirkja og háspennulína.		Hefur áætlun áhrif á: Náttúrulegt landslag? Ásjáð sveitarfélagsins?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoðaða sérstaklega 9. kafla í III. hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Skipulags- og byggingarlög. Sjá 1. gr um markmið og 9. gr um skipulagsskyldu og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 gr. 4.9.2, 4.19.1. og gr. 10.2 Rammaáætlun II, sjá skýrslur faghóps 1.	
Jarðfræði og jarðmyndanir	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir. Annars vegar að nýtt land er tekið undir byggð og samgöngumannvirki og hins vegar vegna efnisþarfa/námutöku við uppbyggingu.		Viðkvæm svæði? Svæði eða stök með verndargildi?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá 8.kafla í III. hluta þar sem fjallar eru um jarðmyndanir. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Náttúruminjasrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 sjá markmið náttúruverndaráætlunar. Rammaáætlun II, sjá skýrslur faghóps 1. Samráð/álit: Umhverfisstofnun	
Gróðurfar og dýralíf	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á lífríki. Áhrif vegna nýrra svæða sem tekin eru undir byggð eða mannvirki. Einnig eru óbein áhrif möguleg, t.d. vegna aukinnar umferðar, hávaða og framkvæmda.		Stærð verndarsvæða? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisverndar svæði? Votlendi?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá 7.kafla í III. hluta þar sem fjallar er um vernd lífríkis Íslands. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 sjá markmið náttúruverndaráætlunar. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Náttúruminjasrá Ríósamningur um líffræðilegan	

			Liffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir ?	fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða. Samráð/álit Umhverfisstofnun, Veiðimálastofnun,	
Vatnafar	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa bein áhrif á vatnsverndarsvæði og vötn sem njóta sérstakrar verndar.		Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði)? Vötn sem eru stærri en 1000m ² ? Ár og lækir?	Reglugerða um neysluvatn nr. 536/2001 og þá sérstaklega 9. grein. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra	

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurnin g	Viðmið	Umhverfisvísar
Auðlindir					
Landrými	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á landrými sem fer undir byggð og samgöngumannvirki.		Stærð byggðra svæða? Nýtingu landrýmis (íbúðir/ha) og samgöngur? Hlutfall milli byggðs og óbyggðs lands	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III. hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis.	
Verndarsvæði	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á verndarsvæði.	Náttúruinij askrá. Náttúruverndarætlun	Stærð verndarsvæða? Fjöldi verndarsvæða? Gæði/eðli verndarsvæða?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III. hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr.	

				37. Náttúruvinnjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 sjá markmið náttúruverndaráætlunar. Samráð/álit: Umhverfisstofnun	
Orka	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á orkunotkun, sérstaklega m.t.t. samgangna og uppbyggingu nýs iðnaðar.		Orkunotkun (heild og á hvern íbúa)	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla 2-10 um sjálfbæra nýtingu auðlinda.	
Vatn	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á vatnsnotkun. Fjölgun íbúa og atvinnustarfsemi		Vatnsnotkun /íbúa Vatnsstöðu vatnsbóla? Þörf á nýjum vatnsbólum?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sjá 1. gr um markmið laganna og V kafla um landslagsvernd einkum gr. 34-37. Reglugerð um náttúruvernd einkum gr. 37. Samráð/álit: Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Vestra	
Jarðefni	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á jarðefnanotkun, þ.e. vegna uppbyggingar.		Fjöldi náma?	Stefna aðalskipulags um námur. Námur- Efnistaka og frágangur	

Umhverfisþáttur	Forsendur	Upplýsingar	Matsspurnin g	Viðmið	Umhverfisvísar
Samfélag					
Samgöngur	Áhrif stefnumörkunar hefur bein áhrif á samgöngukerfi og umferð	Samgönguáæt- tlun 2002- 2014 Umferðaspá Vegagerðarin nar (2004)	Ferðavenjur og fjöldi ferða? Akstursvegale ngdir? Landrými fyrir samgönguma nnvirki? Þjónustustig samgöngukerf is? Aðgengi gangandi-, hjólandi og ríðandi vegfarenda?	Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Sjá kafla II.1 um heilnæmt andrúmsloft. Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.3. um umhverfislega sjálfbærar samgöngur	Daglegur ferðamáti til vinnu. Umferð og tegund umferðar

Efnahagur	Atvinna		Fjölbreytt atvinnutækifæri?	Byggðaaætlun 2006-2009. Sjá megin áætlunarinnar um að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Sjá aðgerðir í byggðarmálum og svæðisbundna vaxtarsamninga sbr. vaxtarsamning fyrir Suðurland. Ferðamálaáætlun 2006-2015. Sjá markmið, leiðir og áherslur stjórnvalda í fjölmörgum grunnþáttum greinarinnar. Fjarskiptaáætlun 2005-2010. Sjá helstu markmið um háhraðanet, örugga fjarskiptaþjónustur, stafrænt sjón- og hljóðvarp.	Fjöldi starfa í sveitarfélaginu.
Félagslegt umhverfi	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á íbúapröun, húsnæðisframboð og búsetukosti og útivistarsvæði		Fjölbreytt húsnæðisframboð? Fjölbreytta búsetukosti? Íbúapröun?	Skipulags- og byggingarlög. Sjá 1. gr. um markmið og 9. gr. um skipulagsskyldu og skipulagsreglugerð nr. 400/1998 gr. 4.2.2,	
Heilsa	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á heilsu íbúa. Fyrst og fremst vegna mengunar frá umferð (útblástur og hávaði).	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða.	Loftgæði (sbr. 2.1)? Fjöldi/stærð svæða þar sem hljóðstig er yfir viðmiðunarmörkum?	Reglugerð 933/1999 um hávaða. Inniheldur viðmiðunargildi fyrir hávað við mismunandi aðstæður. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Sjá 1. gr. um markmið sem er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifm loftmengunar á heilsu manna og umhverfið, meta loftgæði á samræmdan hátt, afla upplýsinga um loftgæði og viðhalda þeim þar sem þau eru mikil eða bæta þau ella. Jafnframt að draga úr mengun lofts. Reglugerð 1000/2005 um kortlagningu hávaða. Tilgreindir eru staðir þar sem kortleggja þarf hávaða.	Hávaði vegna umferðar
Menningarminjar	Áhrif stefnumörkunar kann að hafa áhrif á menningarminjar.		Formminjar? Húsavernd? Búsetu/mennin garlandslag?	Lög nr. 107/2001 um þjóðminjar. Sjá 1. gr. um markmið laganna. Samráð/álit: Fornleifavernd ríkisins.	
Öryggi	Athuga þarf stöðu byggðar og samgöngumannvirkja m.t.t. náttúruvár. Fyrst og fremst um að ræða jarðskjálfta og vatnsflóð.		Er/verður náttúruvá til staðar á: Núverandi byggðasvæðum? Nýjum byggðasvæðum? Núverandi samgöngumannvirkjum? Nýjum samgöngumannvirkjum?	Vegalög nr. 80/2007. Einkum 1. gr. og kafli IX um öryggi vega og umferðar. Samgönguáætlun 2007-2010. Sjá sérstaklega markmið 1.4 um öryggi Lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Sjá 1. gr. laganna um að unnið skuli að vörnum og gegn tjóni og slysum af völdum snjóflóða og skriðufalla. Sjá einnig 4. gr. um að vinna skuli hættumat vegna ofanflóða og reglugerð nr. 637/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Reglugerð nr. 505/2007 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðbirgðahættumats. Sjá einkum 11. gr. um staðaráhættu, 17-21. gr. um flokkun, skilgreiningu og nýtingu	

				<p>hættusvæðaðag 22. gr. um varnarvirki. Samráð/álit: Veðurstofa Íslands, Vegagerðin</p>	
Sorp og fráveita	Áhrif stefnumörkunar hefur áhrif á losun úrgangs.		<p>Hefur áætlun áhrif á: Sorpörgun? Veitukerfi</p>	<p>Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sjá 1. gr. um markmið sem er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.</p> <p>Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Sjá 1. gr. um markmið sem er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri.</p>	